

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2023, miðvikudaginn 1. mars var haldinn 411. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 08:25.

Mættir: Þorvaldur Daníelsson Reykjavík, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Bjarni Theodór Bjarnason Garðabæ, Sigvaldi Egill Lárusson Kópavogi og Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi boðaði forföll.

Jafnframt: Páll B. Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Einar K Stefánsson verkefnastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs, Anna Karen Arnarsdóttir fjármálastjóri, Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram uppfærð fjárfestingaráætlun skíðasvæðanna ásamt minnisblaði VSÓ dags. 28. febrúar 2023.

Samstarfsnefndin samþykkir að fara í tilfærslu á brettalyftu og snjógirðingum á norðurleið til samræmis við legu snjóframleiðslukerfis sbr. minnisblað forstöðumanns dags. 14. febrúar 2023 frá seinasta fundi ásamt landmótun og lýsingu í Kóngsgili. Framkvæmdir rúmast innan rekstrartengdra fjárfestingar skíðasvæðanna alls 48 milljónir.

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna samþykkir að vísa tillögu um tilfærslu á fjármagni milli verkefna alls 57 milljónir innan ársins 2023 vegna rafmagnsinnviða á Bláfjallasvæði til stjórnar SSH. Fjárheimildin rúmast innan ársins 2023.

Verkefnastjóra falið að vinna minnisblað að kostnaðarþróun áætlana á stólalyftu og annarri innviðauppbyggingu í Skálafelli.

- kl. 08:40 tekur Sævar Birgisson Mosfellsbæ sæti á fundinum.
- kl. 09:17 viku Eiríkur Björn Björgvinsson af fundi.
- kl. 09:40 viku Einar K Stefánsson af fundi.

Fundi slitið kl. 10:00.

Þorvaldur Daníelsson

Kristín María Thoroddsen
Bjarni Theodór Bjarnason

Sigvaldi Egill Lárusson
Sævar Birgisson